



FRAMTÍÐARMENNTUN

og hlutverk hennar í samfélagslegu samhengi
Landssambandsþing DKG haldið á Hótel Örk, 13. og 14. maí 2022

Laugardagurinn 13. maí

- 09:00 – 09:30 **MORGUNHRESSING** og skráning.
- 09:30 – 09:50 **ÞINGSETNING** - Guðrún E. Bentsdóttir, forseti DKG
- 09:50 – 10:00 **TÓNLISTARATRÍÐI**
- 10:00 – 10:40 **STARFSÞJÁLFUN KENNARA OG KENNARANEMA** – Eija Liisa Sokka-Meany (af neti).
- 10:40 – 10:50 **UMRÆÐUR** og fyrirspurnir um erindi aðalfyrirlesara.
- 10:50 – 11:05 **KAFFIHLÉ**
- 11:05 – 11:40 **SKÓLI FRAMTÍÐARINNAR** – Soffía Vagnsdóttir skrifstofustjóri
- 11:40 – 12:00 **SAMRÆÐA** um erindi morgunsins.
- 12:00 – 12:10 **BIRTAR HUGLEIÐINGAR** hópsins eftir samræðu (MENTI).
- 12:10 – 13:00 **HÁDEGISVERÐUR**
- 13:00 – 13:30 **GERVIGREIND Í SKÓLASTARFI** - Hjörtur Ágústsson verkefnisstjóri á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar (á neti).
- 13:30 – 14:10 **FRAMTÍÐIN ER NÚNA, SKÓLAÞRÓUN Í MENNTASKÓLA BORGARFJARÐAR** – Signý Óskarsdóttir þróunarstjóri
- 14:10–14:50 **MAGNAÐ LÍF** – Dr. Guðfinna Sesselja Bjarnadóttir.
- 14:50–15:20 **KAFFIHLÉ**
- 15:20–15:40 **SAMRÆÐA** um erindi seinni hluta
- 15:40–16:00 **BIRTAR HUGLEIÐINGAR** hópsins eftir samræðu (MENTI).
- 16:00 **DAGSKRÁRLOK** - á fræðilegri dagskrá
- Að lokinni fræðilegri dagskrá verður boðið upp á menningarferð í Listasafn Árnassýslu, Hveragerði.
- 19:00 - **HÁTÍÐARKVÖLDVERÐUR**

UM FYRIRLESARANA:

Eija Liisa Sokka-Meany alþjóðlegur fyrirlesari frá Finnlandi fjallar um nám og starfsþjálfun kennaranema í Finnlandi með áherslu á nám og kennslu í skóla framtíðarinnar.

Soffía Vagnsdóttir hefur lokið MA í menningarstjórnun og MA í Evrópufræðum lýkur í vor diplómanámi í jákvæðri sálfræði. Hún hefur síðustu fimm ár starfað sem skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskóla á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Hún starfaði áður sem fræðslustjóri á Akureyri og einnig sem skólustjóri í Bolungarvík.

Hjörtur Ágústsson er verkefnastjóri alþjóðasamstarfs hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkur. Hjörtur lauk BA gráðu í nútímafræði frá Háskólanum á Akureyri 2009. Frá 2009 vann hann að alþjóðasamstarfi hjá Evrópu unga fólksins, síðar Rannís, landsskrifstofu Erasmus+ mennta- og æskulýðsáætlunar Evrópusambandsins. Frá árinu 2019 hefur Hjörtur stutt skóla- og frístundastarf í Reykjavík við sókn í innlenda og alþjóðlega styrki í því skyni að stuðla að aukinni nýsköpun og starfsþróun ásamt því að taka virkan þátt í innleiðingu á menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Signý Óskarsdóttir er með MA gráðu í menningarstjórnun og hefur starfað sem stjórnandi á þremur skólastigum og hefur reynslu af opinberri stjórnsýslu. Hún hefur tekið að sér ýmis þróunarverkefni og leitt skapandi starf fyrir sveitarfélög og stofnanir. Signý starfar sem þróunarstjóri menntunar í Menntaskóla Borgarfjarðar.

Dr. Guðfinna Sesselja Bjarnadóttir er fyrsti rektor Háskólans í Reykjavík, hún lauk doktorsprófi í atferlisfræði með áherslu á stjórnun og hefur starfað víða um heim sem ráðgjafi í stjórnun og stefnumótun. Hún er einn af stofnendum Magnavita ehf. sem snýst um að fjölga spennandi og heilbrigðum æviárum.

Ráðstefnugjaldið fyrir félagskonur er 13.000 krónur og er allt innifalið í því gjaldi nema gisting. Hátíðarkvöldverður verður fram reiddur á Hótel Örk á laugardagskvöldinu og hefst klukkan 19:30 stundvíslega. Boðið er upp á aðalrétt, eftirrétt og kaffi og er það innifalið í ráðstefnugjaldinu. Deildirnar eru beðnar að undirbúa örstutt „skemmtiatriði“ til að flytja við borðhaldið.

Samtökin *Göngum saman* munu á sunnudeginum 14. maí nk. efna til minningargöngu um Gunnhildi okkar Óskarsdóttur, fyrrv. félagi í Kappadeild DKG sem féll frá 17. mars sl. Sjá slóð á viðburðinn þeirra á Facebook: <https://fb.me/e/4mJQ0p0vJ>

Til að minnast Gunnhildar og verka hennar í þágu grunnrannsókna á brjóstakrabbameini og styrkja samtökin *Göngum saman* sem hún stofnaði í sama tilgangi verður efnt til minningargöngu um Gunnhildi að loknum aðalfundinum sunnudaginn 14. maí. Konur eru því hvattar til að taka með sér léttu gönguskó og regnheldan jakka. Gangan verður í umsjón Ingileifar Ástvaldsdóttur og Magneu Helgadóttur í Mýdeild sem sjá um undirbúning og verða með söluborð frá *Göngum saman* en Vera Ósk Valgarðsdóttir í Epsilondeild mun leiða gönguna.



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS
DELTA KAPPA GAMMA

Sunnudagurinn 14. maí 2023

Aðalfundur landsambandsins kl. 9:30–12:30

Dagskrá:

- Setning
- Orð til umhugsunar.
- Minning látinna félaga.
- Ávarp frá fulltrúa Alþjóðasambands DKG, Marie-Antoinette de Wolf, Evrópuforseti.
- Hefðbundin aðalfundarstörf

- | | |
|-------------------------------------|------------------------------------------------------------|
| a) Kosning fundarstjóra | j) Kosning annarra stjórnarmanna landssambands. |
| b) Kosning tveggja fundarritara. | k) Kosning í uppstillingarnefnd. |
| c) Skýrsla stjórnar – umræður. | l) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga |
| d) Reikningar lagðir fram – umræður | m) Lagabreytingar og reglugerðarbreytingar |
| e) Fjárhagsáætlun lögð fram. | n) Ályktanir og tillögur sem berast til landsambandsþings. |
| f) Árgjald ákveðið. | o) Önnur mál |
| g) Skýrslur nefnda landsambandsins | |
| h) Úthlutun úr námsstyrkjasjóði. | |
| i) Kosning forseta landssambands. | |

- Fundarslit og hádegishressing um klukkan 12:30

Á þinginu ræður meirihluti greiddra atkvæða skráðra þátttakenda.